

ODDSSJÓÐUR - SKIPULAGSSKRÁ

Fyrir sjóð til minningar um Odd Ólafsson yfirlækni á Reykjalundi og ber nafn hans.

ODDSSJÓÐUR

1.gr.

Stjórn Vinnuheimilisins að Reykjalundi stofnaði sjóðinn 26. apríl 1991 og lagði fram stofnframlag að upphæð kr. 650.000.- kr.

2.gr.

Tilgangur sjóðsins er annars vegar að efla fræðslu í þágu starfseminnar á Reykjalundi og hins vegar að veita fé til kaupa á tækjum og búnaði í samvinnu við Hollvinasamtök Reykjalundar til notkunar við endurhæfingu á Reykjalundi. Einungis starfsfólk Reykjalundar endurhæfingar ehf. getur sótt um framlög úr sjóðnum.

3.gr.

Tekjur sjóðsins eru minningargjafir og ýmis framlög frá velunnurum Reykjalundar auk vaxta og annarra tekna af eignum sjóðsins, auk þess getur framkvæmdastjórn Reykjalundar endurhæfingar ehf. tekið ákvörðun um að styrkja sjóðinn. Höfuðstóll sjóðsins er þann 15. ágúst 2023 12.000.000 kr. og stefnt er að auka hann um a.m.k. 50% næstu tíu árin. Höfuðstól má ekki skerða. Á hverju ári er aldrei meira til úthlutunar en framlög undangengis almanaksárs og vaxtatekjur þess árs.

4.gr.

Í stjórn sjóðsins situr forstjóri Reykjalundar, einn fulltrúi stjórnar Reykjalundar endurhæfingar ehf. og einn fulltrúi úr fagráði Reykjalundar endurhæfingar ehf. Framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Reykjalundar er starfsmaður sjóðsins og situr fundi sjóðsstjórnar. Stjórn tekur ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum samkvæmt starfsreglum sem stjórnin setur sér hverju sinni. Einfaldur meirihluti nægir til ákvörðunar um úthlutun.

Stjórnin skal halda sérstaka skrá um framlög með nöfnum gefenda annars vegar og ákvörðun um úthlutanir hins vegar.

5.gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Reykjalundar endurhæfingar ehf. og ávallt ávaxtaður með hagkvæmasta hætti. Sjóðsstjórn ákveður formlega hvaða ávöxtunarleidir verða nýttar skv. tillögum framkvæmdastjóra rekstrarsviðs. Sjóðurinn skal vera aðgreindur frá öðrum fjárhag stofnunarinnar. Endurskoðandi Reykjalundar endurhæfingar ehf. er endurskoðandi sjóðsins.

6.gr.

Auglýsing um umsóknarfrest úr sjóðnum skal birta öllu starfsfólki Reykjalundar eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Umsóknir um framlag úr sjóðnum þurfa að berast fyrir áramót ár hvert og úthlutanir verða kynntar á afmælisdegi Reykjalundar þann 1. febrúar eða sem næst honum.

Umsóknir skulu berast til forstjóra Reykjalundar endurhæfingar ehf. á rafrænu formi.

Framkvæmdastjórn Reykjalundar endurhæfingar ehf. gefur álit á umsóknum áður en stjórn sjóðsins fjallar um þær og tekur ákvörðun um úthlutun.

7.gr.

Komi fram tillaga um breytingu á skipulagsskrá þessari skal hún borin upp á stjórnarfundi og telst samþykkt ef allir stjórnarmenn greiða henni atkvæði.

Sama gildir ef tillaga kemur fram um að leggja sjóðinn niður, en í því tilfalli skulu fjármunir og aðrar eignir sjóðsins renna óskiptar til Reykjalundar endurhæfingar ehf.

Þannig samþykkt á Reykjalundi 26. apríl 1991 og á stjórnarfundi Reykjalundar endurhæfingar ehf. 15. ágúst 2023.

Stjórn Reykjalundar endurhæfingar ehf.